

Nr. 17 005 S 004 Herjólfur***Farþegi slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2164 IMO nr. 9036088
Útgerð: Eimskip Island ehf
Smíðaður: Noregi 1992, stál
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992
Áhöfn: 12
Farþegar: ?



Herjólfur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Slysaskýrsla frá skipi
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. nóvember 2016 var Herjólfur á leið frá Vestmannaeyjum til Þorlákshafnar. Veður: V 14 – 15 m/s, ölduhæð 3 m.

Tveir samferðamenn voru á leið upp stiga milli 4. og 5. hæðar þegar annar þeirra fékk flogakast og féll á hinn. Sá sem féll niður stigann, rotaðist og fékk skurð á hnakka.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.